

Keilir, miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs ehf.

Ársreikningur samstæðu
og móðurfélags 2021

Keilir, miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs ehf.
Grænásbraut 910
262 Reykjanesbær

kt. 500507-0550

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar

Megintilgangur félagsins er rekstur skólastofnunar og rannsóknarstarfsemi ýmiskonar.

Rekstur ársins 2021 var erfiður eins og tölur ársreiknings benda til. Tap var af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 75,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 862,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísad er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Megin ástæður rekstrarerfiðleika Keilis 2021 eru óhagstæðir samningar frá fyrri árum auk ósjálfbærra þróunar- og samstarfsverkefna sem þyngdu reksturinn, auk þess sem glímt var við afleiðingar heimsfaraldurs með tilheyrandi skerðingu á tekjum. Með hliðsjón af rekstrarstöðunni var unnið að hagræðingu í rekstri með skipulagsbreytingum sviða, greiningarvinnu auk þess að þróunar- og samstarfsverkefni var ýmist lokað, þau kláruð og/eða sett í nýjan farveg.

Framkvæmdastjóraskipti urðu á árinu er Jóhann Friðrik Friðriksson framkvæmdastjóri var kosinn til setu á Alþingi. Að afstöðnu ráðningarferli nýs framkvæmdastjóra sem stýrt var af Hagvangi var Nanna Kristjana Traustadóttir ráðin framkvæmdastjóri Keilis, en Nanna starfaði áður sem skólastjóri Menntaskólans á Ásbrú. Stjórn Keilis væntir góðs af samstarfi við Nönnu og samstarfsfólks hennar hjá Keili.

Samtal hófst á haustdögum við Heimstaden um breytingar á samningi vegna leigu á nemendaíbúðum, sem hafa verið Keili óhagstæðir frá upphafi og hlutfall leigjenda aðeins um 50-60%. Heimstaden féllst á það fyrir áramót að koma til móts við kröfur Keilis og voru samningaviðræður þar að lútandi í ferli um áramótin. Unnið er að samningum um að leigja áfram annað húsið og skila hinu, unnið yrði samhliða að því að nýtingarhlutfall hækki eins og unnt er. Heimstaden féllst jafnframt á endurbætur á húsnæðinu sem Keilir leigir áfram og unnið verður að þeim endurbótum á vordögum.

Sem liður í hagræðingarátaki stjórnenda var störfum á ýmsum sviðum fækkað og/eða störfin skilgreind að nýju. Nýsköpunarsvið var lagt niður á árinu 2021 og starfar nú markaðsstjóri félagsins á skrifstofusviði framkvæmdastjóra. Markaðsáætlunum var stillt upp fyrir öll svið haustið 2021 m.t.t. aðal umsóknartímabils nemenda á vordögum ár hvert. Félagið kláraði frumkvöðlaverkefni sem hófst árið 2020 um þróun Flugklasa og er það nú í höndum fagráðs verkefnisins að finna því farveg. Aðkoma Keilis að Nýsköpunarsetri ferðþjónustunnar lauk um áramót og mun verkefnið halda áfram á nýjum vettvangi. Nýjar áherslur innan Keilis á sviði ferðþjónustu urðu ekki að veruleika eins og unnið hafði verið að og framtíð Ævintýraleiðsögunámsins sem sett var aftur af stað sumarið 2021 m.t.t. þess að vera hluti af því sviði er í skoðun m.t.t. ósjálfbærni í rekstri þess. Innritun í nám í Vinnuverndarskólanum náði sér ekki á strik árið 2021 þrátt fyrir miklar vonir fyrra árs og unnin var greining á framtíðarmöguleikum námsins sem leiddi til hagræðingar og og áherslubreytinga.

Nýr árgangur var tekinn inn í stúdentsnám í tölvuleikjagerð við Menntaskólann og var skólinn fullsetinn frá hausti 2021 í fyrsta skipti. Fjölgun nemenda á árinu stafar því af nýjum árgangi nemenda í stúdentsnámi, en að öðru leyti er nemendafjöldi Keilis svipaður og árið áður. Allar deildir eiga inni tækifæri til stækkunar, en taka verður tillit til þess að um er að ræða tvö ár í röð þar sem heimsfaraldur setur sinn svip á aðstæður.

Greiningarvinna fór fram á rekstrarafkomu Flugakadémiunni m.t.t. þess að byggja upp heilbrigðan rekstur með sterkum innviðum og eru væntingar um viðsnúning. Rekstrarstaða fyrri ára Flugakadémiunnar hefur ennþá alvarlegar fylgjafléiðingar og horfast verður í augu við áhrif nokkurra þátta þar að lútandi, m.a. neikvæð áhrif í kjölfar samruna tveggja flugskóla auk fjárhagslegra vankanta í samningum. Endurfjármögnun lána Flugakadémiunnar kláraðist á haustmánuðum og um áramót voru tvær af fimm Tecnam vélum Flugakadémiunnar seldar, en áætlað hafði verið að selja þær allar árið 2021.

Stefnumótunarvinna fór fram hjá félaginu á árinu með það að markmiði að byggja upp jákvæðan rekstur og styrkja fókus í námsframboði.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar, frh.:

Vinna sem hófst 2020 með það að markmiði að tryggja fjárhagslegan grundvöll félagsins til framtíðar heldur áfram og vonir standa til þess að á árinu 2022 klárast sú vinna og hægt verði að halda áfram frekari uppbyggingu og styrkingu Keilis til framtíðar.

Eins og fram kemur í skýringu 14 vinna stjórnendur að endurfjármögnun og hagræðingu í rekstri. Gangi áætlanir stjórnenda ekki eftir er ljóst að áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins er ógnað.

Hlutfé félagsins er 370,5 millj. kr. í árslok 2021 skv. samþykktum.


	Kennitala	Nafnverð	Hlutdeild
Ríkissjóður Íslands	540269-6459	190.000	51,28%
Reykjanesbær	470794-2169	125.720	33,93%
Suðurnesjabær	550518-1200	23.094	6,23%
Grindavíkurbær	580169-1559	22.806	6,16%
Sveitarfélagið Vorgar	670269-2649	8.406	2,27%
Háskóli Íslands	600169-2039	138	0,04%
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	640479-0279	112	0,03%
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.	701006-0970	80	0,02%
HS Orka hf.	680475-0169	60	0,02%
Orkuveita Reykjavíkur	551298-3029	60	0,02%
Kaupfélag Suðurnesja svf.	680169-1019	17	0,00%
Bláa lónið hf.	490792-2369	3	0,00%
Íslenskar orkurannsóknir	600503-4050	2	0,00%
Icelandair Group hf.	631205-1780	0	0,00%
Starfsmannafélag Suðurnesja	611200-3230	0	0,00%
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis	680269-5729	0	0,00%
Verslunarmannafélag Suðurnesja	690269-0669	0	0,00%
Samtals hlutfé samkvæmt ársreikningi		370.500	100,0%

Samkvæmt samþykktum félagsins skal tap félagsins varið til rekstrar og innri vaxtar félagsins og er arðgreiðsla ekki heimil.


Stjórn og framkvæmdastjóri Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. staðfesta hér með samstæðu- og

Reykjanesbær, 25.5.2022

Í stjórn félagsins:


Gösta Mír Kjartansdóttir
JAVNA STEVANTÓR
Blumhaldur

Framkvæmdastjóri:


Nanna Kristinsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings móðurfélags og samstæðu

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning samstæðu og móðurfélags Keilis, miðstöðvar, fræða og atvinnulífs ehf. („samstæðan og móðurfélagið“) fyrir árið 2021. Ársreikningur samstæðu og móðurfélags („ársreikningurinn“) hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir samstæðuna og móðurfélagið.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar og móðurfélagsins 31. desember 2021 og afkomu samstæðunnar og móðurfélagsins og breytingu á handbæru fé á rekstrarárinu 2021 í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Óvissa tengd rekstrarhæfi

Án þess að gera fyrirvara til álit okkar viljum við vekja athygli á skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra og skýringu nr. 14 en þar kemur fram að stjórnendur félagsins eru að vinna að endurskipulagningu og hagræðingu í rekstri. Gangi áætlanir stjórnenda ekki eftir er ljóst að áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins er ógnað.

Ábending vegna viðskiptavildar

Eins og kemur fram í skýringu 1 d. og skýringu 7 í ársreikningnum þá er eignfærð, í samstæðureikningnum, viðskiptavild sem gert er ráð fyrir að verði afskrifuð á 10 árum. Gangi áætlanir stjórnenda dótturfélagsins um að tryggja rekstrarhæfi þess ekki eftir gæti það leitt til frekari niðurfærslu hennar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningi móðurfélags og samstæðu

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreiknings móðurfélags og samstæðu í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið eða samstæðuna upp eða hætta starfsemi, eða hafa annan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreiknings móðurfélags og samstæðu

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreiknings móðurfélags og samstæðu, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningi móðurfélags og samstæðu hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar eða móðurfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna og félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreiknings móðurfélags og samstæðu í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi móðurfélags og samstæðu eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjanesbær,

25 / 5 2022

KPMG ehf.

Ásgerður Þorvaldsson
Ellysjón Karlsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2021

Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
	2021	2020*	2021	2020
Tekjur af kennslu og rannsóknum	1.239.050	1.056.871	572.361	481.661
Þjónustutekjur húsnæðis	42.943	55.416	0	55.683
Styrkir og aðrar tekjur	76.261	64.239	119.454	103.957
	<u>1.358.254</u>	<u>1.176.526</u>	<u>691.815</u>	<u>641.300</u>
Laun, launatengd gjöld og aðkeypt kennsla	2 775.823	691.636	527.742	424.970
Annar rekstrarkostnaður	499.034	427.575	190.119	203.835
	<u>1.274.857</u>	<u>1.119.211</u>	<u>717.861</u>	<u>628.805</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir afskriftir og fjármagnsliði	83.396	57.315	(26.046)	12.496
Afskriftir	3 (135.431)	(133.206)	(18.176)	(14.129)
Rekstrartap fyrir fjármagnsliði	(52.035)	(75.891)	(44.223)	(1.633)
Vaxtatekjur	1.843	1.151	1.337	431
Vaxtagjöld og verðbætur	(57.192)	(48.467)	(3.493)	(2.949)
Gengismunur	10.177	(49.471)	(314)	(719)
	<u>(45.172)</u>	<u>(96.787)</u>	<u>(2.470)</u>	<u>(3.238)</u>
Áhrif dótturfélaga	7 0	0	(29.090)	5.683
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(97.207)	(172.678)	(75.783)	812
Tekjuskattur	9 11.987	3.752	0	0
(Tap) hagnaður ársins	7 (85.220)	(168.926)	(75.783)	812

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar, sjá nánar í skýringu 7

Efnahagsreikningur 31.12.2021

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2021	2020	2021	2020
Eignir					
Viðskiptavild		168.477	194.703	0	0
Stofnkostnaður		70.517	49.465	66.784	43.114
Óefnislegar eignir	4	<u>238.993</u>	<u>244.169</u>	<u>66.784</u>	<u>43.114</u>
Fasteignir		941.926	848.666	3.045	3.113
Flugvélar og flugvélaíhlutir		525.114	602.839	0	0
Áhöld, tæki og húsgögn		66.908	79.215	31.905	36.132
Rekstrarfjármunir	5,6	<u>1.533.948</u>	<u>1.530.721</u>	<u>34.950</u>	<u>39.245</u>
Eignarhlutir í dótturfélögum		0	0	423.932	370.112
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		90	90	0	0
Áhættufjármunir	7	<u>90</u>	<u>90</u>	<u>423.932</u>	<u>370.112</u>
Fastafjármunir samtals		<u>1.773.032</u>	<u>1.774.979</u>	<u>525.666</u>	<u>452.470</u>
Birgðir		18.485	4.218	0	0
Viðskiptakröfur		45.286	65.821	8.961	13.696
Kröfur á tengda aðila	11	283	283	330.619	196.508
Aðrar skammtímakröfur		14.530	12.474	675	1.868
Handbært fé	1j	216.413	7.091	200.216	944
Veltufjármunir samtals		<u>294.997</u>	<u>89.888</u>	<u>540.472</u>	<u>213.016</u>
Eignir samtals		<u><u>2.068.028</u></u>	<u><u>1.864.867</u></u>	<u><u>1.066.138</u></u>	<u><u>665.486</u></u>

Efnahagsreikningur 31.12.2021

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2021	2020*	2021	2020
Eigið fé					
Hlutfé		370.500	289.882	370.500	289.882
Yfirverðsreikningur		0	187.603	0	187.603
Lögbundinn varasjóður		13.333	13.333	13.333	13.333
Endurmatsreikningur		439.002	356.091	439.002	356.091
(Ójafnað) óráðstafað eigið fé		(154.914)	(573.491)	39.845	(361.356)
Eigið fé samtals	7,8	<u>667.921</u>	<u>273.418</u>	<u>862.681</u>	<u>485.553</u>
Skuldir og skuldbindingar					
Tekjuskattskuldbinding	9	<u>105.231</u>	<u>96.491</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Skuldir við lánastofnanir		675.325	598.973	0	18.000
Kaupleigusamningar		0	49.993	0	0
Langtímaskuldir samtals	10	<u>675.325</u>	<u>648.966</u>	<u>0</u>	<u>18.000</u>
Skuldir við lánastofnanir		43.466	77.898	43.466	48.710
Viðskiptaskuldir		80.176	87.918	23.971	25.290
Skuldir við tengda aðila	11	163	163	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	10	89.224	144.553	0	2.400
Skattar ársins	9	0	657	0	0
Aðrar skammtímaskuldir		136.011	96.695	104.202	70.853
Fyrirframinnheimtar tekjur	11	270.509	438.108	31.818	14.680
Skammtímaskuldir samtals		<u>619.550</u>	<u>845.992</u>	<u>203.457</u>	<u>161.934</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>1.400.107</u>	<u>1.591.449</u>	<u>203.457</u>	<u>179.934</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>2.068.028</u>	<u>1.864.867</u>	<u>1.066.138</u>	<u>665.486</u>

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar, sjá nánar í skýringu 7

Sjóðstreymisýfirlit árið 2021

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2021	2020*	2021	2020
Rekstrarhreyfingar					
(Tap) hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi	8	(85.220)	(168.926)	(75.783)	812
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir	3	136.956	136.255	19.701	17.178
Gengismunur og verðbætur skulda		12.147	48.882	0	0
Tekjuskattur	9	(11.987)	(4.409)	0	0
Tap (hagnaður) af sölu rekstrarfjármuna		14.196	(6.280)	555	0
Áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага	7	0	0	29.090	(5.683)
Veltufé frá (til) rekstrar		<u>66.092</u>	<u>5.523</u>	<u>(26.437)</u>	<u>12.307</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, lækkun		(14.266)	8.131	0	0
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		16.954	42.792	5.927	(11.936)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		30.917	(69.345)	32.030	14.675
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting		(167.598)	(87.155)	17.137	(2.262)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>(133.994)</u>	<u>(105.577)</u>	<u>55.095</u>	<u>478</u>
Handbært fé (til) frá rekstri		<u>(67.901)</u>	<u>(100.054)</u>	<u>28.658</u>	<u>12.785</u>
Fjárfestingahreyfingar					
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	5	(22.578)	(46.058)	(5.746)	(2.693)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	5	14.746	29.000	800	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	4	(34.685)	(19.539)	(34.685)	(19.539)
Kröfur á tengda aðila, breyting		0	0	(134.111)	34.447
Fjárfestingahreyfingar		<u>(42.517)</u>	<u>(36.596)</u>	<u>(173.742)</u>	<u>12.216</u>
Fjármögnunarhreyfingar					
Innborgað hlutfé	8	370.000	0	370.000	0
Tekin ný langtímalán	10	12.761	233.000	0	0
Afborganir langtímalána og kaupleigusamn.	10	(56.271)	(98.314)	(20.400)	(2.473)
Skuldir við tengda aðila, breyting		27.681	0	0	(25.929)
Skammtímaskuldir, breyting		(34.432)	2.669	(5.244)	3.628
Fjármögnunarhreyfingar		<u>319.740</u>	<u>137.355</u>	<u>344.356</u>	<u>(24.774)</u>
Hækkun á handbæru fé		209.321	705	199.271	227
Handbært fé í ársbyrjun		7.091	6.386	944	717
Handbært fé í árslok		216.413	7.091	200.216	944
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa					
Innborgað hlutfé		25.288	0	0	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	4	0	(24.000)	0	(24.000)
Tekin ný langtímalán	10	398.052	24.000	0	24.000
Afborganir langtímalána		(423.340)	0	0	0
Eignfærðir kaupleigusamningar	5	0	(133.053)	0	0
Kaupleigusamningar	10	0	133.053	0	0

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar, sjá nánar í skýringu 7

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. *Grundvöllur reikningsskila*

Ársreikningur Keilis miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga og ársreikning móðurfélagsins. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir í þúsundum króna. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, að því undanskildu að fasteign félagsins er nú í fyrsta sinn færða á endurmetnu kostnaðarverði, sem var gangvirði hennar í árslok.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yferráð. Yferráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningur dótturfélagsins er innifalinn í samstæðureikningi félagsins frá því yferráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra er felldur út í samstæðureikningnum.

b. *Erlendir gjaldmiðlar*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning. Rekstrarfjármunir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum sem tilgreindar eru á gangvirði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi sem gildi á viðskiptadegi.

c. *Innlausn tekna*

Tekjur af þjónustusamningum eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi. Skólagjöld tekjufærast við innritun nemenda. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

d. *Óefnislegar eignir*

Óefnislegar eignir eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Á meðal óefnislegra eigna er færður kostnaður við þróun námsefnis, skimunarkerfi vegna inntöku nýnema, kaupverð undirbúningsnáms fyrir læknisfræði og viðskipavild tengd kaupum á Flugskóla Íslands ehf. Fyrirhugað er að gjaldfæra kostnaðinn vegna náms á fimm árum en viðskiptavildina á tíu árum.

e. *Rekstrarfjármunir*

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar annars vegar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð og hins vegar í samræmi við flugstundir. Fasteign er færð á gangvirði í árslok.

f. *Dótturfélög*

Eignarhlutir í dótturfélögum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra. Hlutdeild í afkomu dótturfélaga er færð í rekstrarreikning móðurfélagsins.

g. *Eignarhlutir í félögum*

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu vegna áætlaðrar verðrymnunar þessara félaga.

h. *Birgðir*

Birgðir samstæðunnar eru færðar til eignar á kostnaðarverði. Um er að ræða rekstrarvörubirgðir flugvéla og öryggisbúnað nemenda.

i. *Viðskiptakröfur*

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

j. **Handbært fé**

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

k. **Frestaður tekjuskattur**

Samkvæmt samþykktum Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. er tilgangur félagsins að verja hagnaði og sjóðum félagsins til rekstrar og innri vaxtar. Komi til þess að hagnaði eða sjóðum verði úthlutað til annarra verkefna utan félagsins skal einungis um að ræða verkefni sem teljast í þágu almannaheilla. Uppfyllir félagið því skilyrði þess að bera takmarkaða skattskyldu.

Önnur félög innan samstæðunnar eru tekjuskattsskyld.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar.

Útreikningur skatteignar byggist á yfirfæranlegu tapi og mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en reikningsskilum. Skatteign er aðeins færð að því marki sem líklegt er að talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti.

Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstigi.

l. **Fyrirframinnheimtar tekjur**

Tekjur af kennslu sem innheimtar hafa verið og tilheyra síðari tímabilum eru færðar til skuldar í ársreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur.

2. **Laun, launatengd gjöld og aðkeypt kennsla**

Laun, launatengd gjöld og aðkeypt kennsla greinast þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	2021	2020	2021	2020
Laun	471.965	403.128	368.249	282.133
Launatengd gjöld	106.300	86.149	82.638	61.947
Aðkeypt kennsla	197.558	202.359	76.854	80.891
Laun, launat. gj. og aðk. kennsla samt.	<u>775.823</u>	<u>691.636</u>	<u>527.742</u>	<u>424.970</u>
Ársverk	47	50	32	27

Laun framkvæmdastjóra og stjórnar námu samtals 33,7 millj. kr. á árinu 2021, en tveir framkvæmdastjórar voru á launum hluta ársins. Á árinu 2020 námu laun til framkvæmdarstjóra og stjórnar samtals 23,7 millj. kr.

3. **Afskriftir**

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskriftir rekstrarfjármuna	94.047	92.731	8.687	8.835
Niðurfærsla óefnislegra eigna	39.860	37.425	11.014	8.343
Afskrift af innri söluhagnaði fasteignar	1.525	3.049	(1.525)	(3.049)
Fært í rekstrarreikning sem afskriftir	<u>135.431</u>	<u>133.206</u>	<u>18.176</u>	<u>14.129</u>

4. **Óefnislegar eignir**

Óefnislegar eignir og gjaldfærsla þeirra greinist þannig:

	Samstæða	Móðurfélag
Óefnislegar eignir 1.1.2021	244.169	43.114
Viðbætur á árinu	34.685	34.685
Gjaldfært á árinu	(39.860)	(11.014)
Óefnislegar eignir 31.12.2021	<u>238.993</u>	<u>66.784</u>

Skýringar, frh.:

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

Samstæða:	Fasteignir	Flugvélar og flugvélaíhlutir	Áhöld, tæki og húsgögn	Samtals
Heildarverð 1.1.2021	846.465	831.430	257.909	1.935.804
Viðbætur á árinu	3.606	4.799	14.174	22.578
Endurmat fasteignar	103.639	0	0	103.639
Selt og niðurlagt á árinu	0	(27.588)	(2.950)	(30.538)
Millifærðar afskriftir	(15.244)	0	0	(15.244)
Heildarverð 31.12.2021	938.465	808.641	269.132	2.016.239
Afskrifað áður	(2.201)	228.591	178.693	405.084
Afskrifað á árinu	13.985	54.936	25.126	94.047
Afskrift færð út	0	0	(1.595)	(1.595)
Millifærðar afskriftir	(15.244)	0	0	(15.244)
Afskrifað samtals 31.12.2021	(3.461)	283.527	202.224	482.290
Bókfært verð 1.1.2021	848.666	602.839	79.215	1.530.721
Bókfært verð 31.12.2021	941.926	525.114	66.908	1.533.948
Afskriftarhlutföll	2%	4 - 25%	8 - 30%	
Áætlaður nýtingartími	50 ár	25 ár / flugst.	3 - 13 ár	
Móðurfélag:				
Heildarverð 1.1.2021	3.383	0	101.408	104.791
Viðbætur á árinu	0	0	5.746	5.746
Selt og niðurlagt á árinu	0	0	(2.950)	(2.950)
Heildarverð 31.12.2021	3.383	0	104.204	107.588
Afskrifað áður	271	0	65.276	65.546
Afskrifað á árinu	68	0	8.619	8.687
Afskrift færð út	0	0	(1.595)	(1.595)
Afskrifað samtals 31.12.2021	338	0	72.299	72.638
Bókfært verð 1.1.2021	3.113	0	36.132	39.245
Bókfært verð 31.12.2021	3.045	0	31.905	34.950
Afskriftarhlutföll	2%		10 - 33%	
Áætlaður nýtingartími	50 ár		3 - 10 ár	

6. Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat fasteignar nam samtals 672,2 millj. kr. í árslok 2021 (2020: 625,4 millj. kr.). Á sama tíma var brunabótamat fasteignar samtals 2.090,1 millj. kr. (2020: 1.867,1 millj. kr.). Vátryggingarverð flugvéla nam 738,3 millj. kr. í árslok 2021 (2020: 827,3 millj. kr.). Vátryggingaverðmæti áhalda, tækja, húsgagna og tölvubúnaðar nam 314,5 millj. kr. í árslok 2021 (2020: 846,5 millj. kr.).

Skýringar, frh.:

7. Eignarhlutir í dótturfélögum

Dótturfélög sem færð eru í samstæðureikninginn eru eftirtalin:

	Eignarhlutur	Móðurfélag	
		Áhrif í rekstur	Bókfært verð
Keilir Aviation Academy ehf.	83%	0	0
Fasteignafélagið Keilir ehf.	100%	(29.090)	423.932
Orkurannsóknir ehf.	100%	0	0
Inntökupróf ehf.	100%	0	0
Eignarhlutir í dótturfélögum 31.12.2021		(29.090)	423.932

Þessu til viðbótar á Iceland Aviation Academy ehf. (IAA) alla hluti í Flugklúbbi HJ ehf., Reykjavíkflugvelli og F.L.Y ehf., Grænásbraut 910. Óveruleg starfsemi er hjá þessum tveimur félögum og eru þau því ekki hluti af samstæðureikningi Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. sbr. 68. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006.

Keilir Aviation Academy ehf. Orkurannsóknir ehf. og Inntökupróf ehf. voru rekin með tapi á árinu 2021 sem var umfram bókfært verð eignarhluta í þeim í bókhaldi Keilis.

Þar sem hlutdeild móðurfélagsins í tapi dótturfélaga var meiri en sem nemur bókfærðu verði þeirra var bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt þar sem móðurfélagið hefur ekki gengist í ábyrgðir fyrir þau eða innt af hendi greiðslur vegna þeirra.

Tap Iceland Aviation Academy ehf. nam 7,6 millj. kr. á árinu 2021 og í árslok var eigið fé félagsins neikvætt um 190,9 millj. kr. Áætlanir stjórnenda gera ráð fyrir viðsnúningi í rekstri félagsins á næstu árum sem tryggja rekstrarhæfi félagsins til lengri tíma. Gangi þær áætlanir ekki eftir getur það bent til verulegrar óvissu um rekstrarhæfi þess. Meðal eigna félagsins er viðskiptavild vegna kaupa á Flugskóla Íslands og nemur bókfært verð hennar í árslok 168,5 millj. kr. Gert er ráð fyrir að viðskiptavildin verði afskrifuð á 10 árum, en gangi áætlanir stjórnenda ekki eftir gæti það leitt til frekari niðurfærslu.

	2021	2020*
Tap ársins hjá móðurfélagi	(75.783)	812
Afskrift af innri söluhagnaði fasteignar	(1.525)	(3.049)
Ófærð hlutdeild móðurfélags í Keili Aviation Academy ehf.	(7.619)	(166.291)
Ófærð hlutdeild hjá Orkurannsóknnum ehf.	(294)	(398)
Tap ársins hjá samstæðu	(85.220)	(168.926)
Eigið fé móðurfélags í árslok	862.681	485.553
Neikvætt eigið fé dótturfélaga	(194.760)	(212.135)
Eigið fé samstæðu í árslok	667.921	273.418

*Leiðrétting vegna fyrra árs tengist innlausn fyrirframinnheimtra tekna sem voru oftaldar um 37.933 þús. kr.

Skýringar, frh.:

8. Eigið fé

Hlutfé samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Annað bundið eigið fé	(Ójafnað) óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2021	289.882	557.028	(361.356)	485.553
Lækkun hlutfjár	(289.382)	(187.603)	476.984	0
Nýtt hlutfé	370.000			370.000
Áhrif endurmats fasteignar		82.911		82.911
Tap ársins			(75.783)	(75.783)
Eigið fé 31.12.2021	<u>370.500</u>	<u>452.336</u>	<u>39.845</u>	<u>862.681</u>

Annað bundið eigið fé sundurliðast þannig:

	Yfirverðs- reikningur	Endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Samtals
Eigið fé 1.1.2021	187.603	356.091	13.333	557.028
Lækkun hlutfjár	(187.603)			(187.603)
Áhrif endurmats fasteignar		82.911		82.911
Eigið fé 31.12.2021	<u>0</u>	<u>439.002</u>	<u>13.333</u>	<u>452.336</u>

9. Tekjuskattskuldbinding / skatteign

Tekjuskattskuldbinding / skatteign félagsins greinist þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	2021	2020	2021	2020
Færð skattskuldbinding í ársbyrjun	(96.491)	(93.680)	0	0
Reiknaður tekjuskattur ársins	11.987	3.752	0	0
Skattaleg áhrif endurmats	(20.728)	(7.220)	0	0
Skatteign niðurf. vegna óvissu	0	0	0	0
Tekjuskattskuldbinding í árslok	<u>(105.231)</u>	<u>(96.491)</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

Tekjuskattskuldbinding / skatteign félagsins skiptist þannig á liði efnahagsreiknings:

Rekstrarfjármunir	(112.176)	(90.485)	0	0
Kaupleigusamningar	0	24.528	0	0
Niðurfærsla viðskiptakrafna	0	0	0	0
Viðskiptavild	0	(7.338)	0	0
Aðrir liðir	(50)	(50)	0	0
Gengismunur	(1.851)	(6.726)	0	0
Yfirfæranlegt tap	(83.058)	(81.136)	0	0
Skatteign niðurf. vegna óvissu	91.904	64.717	0	0
Tekjuskattskuldbinding í árslok	<u>(105.231)</u>	<u>(96.491)</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

Gjaldfærður tekjuskattur ársins greinist þannig:

Breyting á skattskuldbindingu	(8.741)	(2.811)	0	0
Skattaleg áhrif endurmats	20.728	7.220	0	0
Tekjuskattur til greiðslu	0	(657)	0	0
	<u>11.987</u>	<u>3.752</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar, frh.:

10. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:	Samstæða		Móðurfélag	
	2021	2020	2021	2020
Langtímaskuldir í upphafi árs	793.519	609.950	20.400	22.873
Tekin ný langtímalán	423.788	233.000	0	0
Afborganir ársins	(473.363)	(98.314)	(20.400)	(2.473)
Gengismunur og verðbætur	20.605	48.882	0	0
Skuldir við lánastofnanir samtals	<u>764.549</u>	<u>793.519</u>	<u>0</u>	<u>20.400</u>
<i>Skuldir við lánastofnanir:</i>				
Óverðtryggt lán	443.865	159.457	0	20.400
Verðtryggt lán	320.684	311.550	0	0
Lán í EUR	0	242.814	0	0
Næsta árs afborganir	(89.224)	(114.848)	0	(2.400)
Skuldir við lánastofnanir samtals	<u>675.325</u>	<u>598.973</u>	<u>0</u>	<u>18.000</u>
<i>Kaupleigusamningar:</i>				
Samningar í ISK	0	79.698	0	0
Næsta árs afborganir	0	(29.705)	0	0
Eignaleigusamningar samtals	<u>0</u>	<u>49.993</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Langtímaskuldir, þ.m.t. næsta árs afb.	764.549	793.519	0	20.400
Næsta árs afborganir, sbr. skýring 11	(89.224)	(144.553)	0	(2.400)
Langtímaskuldir skv. efnahagsreikningi	<u>675.325</u>	<u>648.966</u>	<u>0</u>	<u>18.000</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:

Árið 2022	89.224	144.553	0	2.400
Árið 2023	89.541	119.656	0	2.400
Árið 2024	65.284	100.571	0	2.400
Árið 2025	46.962	58.416	0	2.400
Árið 2026	36.970	40.742	0	2.400
Síðar	436.569	329.582	0	8.400
Langtímaskuldir, þ.m.t. næsta árs afb.	<u>764.549</u>	<u>793.519</u>	<u>0</u>	<u>20.400</u>

11. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félagi eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar. Dótturfélag teljast einnig tengdir aðilar.

Skýringar, frh.:

11. Tengdir aðilar, frh.:

Viðskipti við tengda aðila greinast þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	2021	2020	2021	2020
Sala á vöru og þjónustu:				
Hluthafar félagsins	4.917	0	4.917	0
Dótturfélög og hlutdeildarfélag	0	0	39	73.978
Aðrir tengdir aðilar				
	<u>4.917</u>	<u>0</u>	<u>4.956</u>	<u>73.978</u>
Kaup á vöru og þjónustu:				
Hluthafar félagsins	4.305	7.448	710	3.293
Dótturfélög og hlutdeildarfélag	0	0	122.831	75.954
Félög í eigu annarra tengdra aðila	0	0	0	0
	<u>4.305</u>	<u>7.448</u>	<u>123.541</u>	<u>79.247</u>
Staða:				
Skammtímakröfur á tengda aðila greinast þannig í árslok:				
Hluthafar félagsins	5.129	212	5.129	212
Dótturfélög og hlutdeildarfélag	287	0	330.619	196.508
	<u>5.416</u>	<u>212</u>	<u>335.748</u>	<u>196.720</u>
Skammtímaskuldir við tengda aðila greinast þannig í árslok:				
Hluthafar félagsins	273.408	1.447	0	710
Dótturfélög	163	163	0	0
	<u>273.572</u>	<u>1.610</u>	<u>0</u>	<u>710</u>

12. Kennitölur

Helstu kennitölur greinast þannig:

Veltufjórhlutfall	0,48	0,11	2,66	1,32
Eiginfjórhlutfall	0,32	0,15	0,81	0,73
Innra virði hlutfjár	1,80	0,94	2,33	1,68

13. Önnur mál

Félagið hefur gert leigusamning um íbúðir fyrir nemendur. Samningurinn er tímabundinn og getur félagið fyrst sagt honum upp með sex mánaða fyrirvara þann 1. apríl 2023. Leigugjöld ársins 2022 munu nema 69,3 millj. kr. ef miðað er við verðlag í árslok 2021. Á árinu 2021 var gerður viðauki við samninginn um frestun á leigugreiðslum 2021 að hluta og koma þær til greiðslu að leigutíma liðnum. Á árinu 2022 komst félagið að samkomulagi við leigusala um að skila annarri eigninni sem tilgreind er í samningnum, munu leigugjöld vegna hennar falla niður frá og með 1. apríl 2022. Samkomulagið breytir einnig gildistíma samningsins sem mun renna út þann 1. nóvember 2023 án sérstakrar uppsagnar.

Félagið hefur gert leigusamning við Fasteignafélagið Keili ehf. um húsnæði fyrir rekstur skólans. Samningurinn er ótímabundinn og getur félagið fyrst sagt honum upp með tólf mánaða fyrirvara þann 1. mars 2029. Leigugjöld ársins 2022 munu nema 79,3 millj. kr. ef miðað er við verðlag í árslok 2021.

Iceland Aviation Academy ehf. hefur gert þrjú leigusamninga við Isavia og Flugverk vegna starfsemi félagsins á Reykjavíkflugvelli. Einn er vegna afgreiðsluhúsnæðis og hinir tveir vegna flugskýla. Samningarnir við Isavia eru báðir til tíu ára en samningurinn við Flugverk er ótímabundinn og uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara. Leigugjöld ársins 2022 munu nema 13,2 millj. kr. ef miðað er við verðlag í árslok 2021.

Félagið hefur gengist í ábyrgð hjá Iceland Aviation Academy ehf. vegna láns að fjárhæð 25 millj. kr. hjá Landsbanka Íslands.

14. Rekstrarhæfi

Í Keili hafa þúsundir nemenda útskrifast með aukið sjálfstraust og stolt í brjósti, tilbúnir til þess að halda áfram með lífið, undirbúnir undir háskólanám eða þátttöku í atvinnulífinu. Mikil gróska hefur einkennt starfið og vilji starfsfólks til þess að fara nýjar leiðir hefur verið mikill allt frá upphafi stofnunar árið 2007. Reksturinn hefur í gegnum árin verið afar sveiflukenndur og þrátt fyrir mikinn vilja innan Keilis og trú á Keili utan frá til nýjunga og framfara í menntun, þá hefur það á tíðum verið dýrkeypt og truflað fókusinn á kjarnabrautum. Í byrjun árs 2021 fóru af stað og voru jafnframt í vinnslu þróunar- og samstarfsverkefni auk nýrra áherslna í námsframboði sem fljótt komu í ljós að voru afar óhagstæðar. Undirbúningsvinna og áhættumat þessara verkefna hafði ekki dugað til þess að þetta hefði verið ljóst og jafnframt var heimsfaraldur enn að valda ófyrirsjáanlegum alvarlegum truflunum vegna allra nýjunga og þróunar á því sviði sem verkefnin sneru að.

Árið 2021 varð talsverð endurnýjun á stjórnendahópi Keilis og hefur sá hópur seinni hluta ársins varið orku í það að kjarna áherslur í rekstri, skerpa fókus í námsframboði og virkja samlegðaráhrif sem víðast í námsframboði. Nú þegar horft er til framtíðar þá er lykiltríði að horfa til þeirrar stefnumótunar sem fram fór með stjórn Keilis, framkvæmdastjórn og starfsmannahópnum á árinu. Brýnustu atriði nýrrar stefnu snúa að heilbrigðum rekstri og skýrum áherslum í námsframboði. Keilir hefur í 15 ár sinnt af miklum dug fjölbreyttum kjarnabrautum þar sem nemendur eru undirbúnir undir áframhaldandi nám á háskólastigi og/eða þátttöku í atvinnulífinu. Það hefur í Keili verið unnið að framförum og þróun sem snúa að aðferðum og nálgun við nemendur með miklum ágætum. Reynsla og þekking á sviði kjarnabrauta Keilis er öflug og mikilvægt að hún nýtist til fulls í öllum verkum innan starfseminnar. Teymisstarf framkvæmdastjórnar um starfsemina er sterk og það er á grundvelli rýni í teymisvinnu og uppbyggingu heilbrigðs rekstrarforms að Keilir fer inn í næsta ár í sinni starfsemi.

Sundurliðanir

	Samstæða		Móðurfélag	
	2021	2020*	2021	2020
Tekjur af kennslu og rannsóknum				
Skóla- og námskeiðsgjöld	332.767	408.492	196.372	183.909
Ríkisstyrkir	485.989	328.160	375.989	297.752
Seldir flugtímar	424.837	320.219	0	0
Brottfallnir nemendur	(4.543)	0	0	0
	<u>1.239.050</u>	<u>1.056.871</u>	<u>572.361</u>	<u>481.661</u>
Þjónustutekjur húsnæðis:				
Þjónustutekjur	0	2.500	0	2.500
Leigutekjur	42.943	51.171	0	51.438
Aðgangslýklar, prentkubbar o.fl.	0	105	0	105
Aðrar tekjur af húsnæði	0	1.641	0	1.641
	<u>42.943</u>	<u>55.416</u>	<u>0</u>	<u>55.683</u>
Aðrar tekjur:				
Söluhagnaður fastafjármuna	1.208	0	0	0
Styrkir	28.051	11.586	22.051	14.963
Matarsala og önnur sala	4.316	4.969	4.316	1.617
Húsaleiga og stoðþjónusta	0	500	78.000	73.711
Aðrar tekjur	17.029	7.782	15.088	6.054
Annað	25.657	39.401	0	7.612
	<u>76.261</u>	<u>64.239</u>	<u>119.454</u>	<u>103.957</u>
Laun og launatengd gjöld:				
Laun	475.445	390.140	389.088	288.483
Stjórnarlaun	5.882	7.448	3.942	5.508
Bifreiðastyrkur	25.322	25.079	9.904	7.680
Mótframlag í lífeyrissjóð	63.026	50.241	48.998	36.322
Sjúkra- og orlofssjóður	8.295	6.409	6.485	4.597
Tryggingagjald	34.980	29.500	27.156	21.027
Verktakar - stundakennarar	197.558	202.359	76.854	80.891
Eignfærð laun	(34.685)	(19.539)	(34.685)	(19.539)
	<u>775.823</u>	<u>691.636</u>	<u>527.742</u>	<u>424.970</u>

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar, sjá nánar í skýringu 7

Sundurliðanir, frh.:

	Samstæða		Móðurfélag	
	2021	2020	2021	2020
Annar rekstrarkostnaður:				
Húsaleiga	106.276	75.478	90.450	129.461
Fasteignagjöld og lóðarleiga	5.539	3.946	0	0
Viðhald fasteigna	25.650	8.944	0	85
Annar rekstur fasteigna	18.810	28.081	890	5.611
Rekstur bifreiða	5.621	4.812	934	2.051
Annar starfsmannakostnaður	5.371	6.429	4.418	3.860
Pappír, ritföng, prentun og tímarit	15.432	1.148	14.582	531
Sími og netkostnaður	4.120	3.392	3.039	2.036
Auglýsinga- og markaðskostnaður	14.967	23.134	9.224	10.876
Þrif, hreinlætisvörur og sorphirðun	11.981	9.739	30	2.372
Gjaldfærð áhöld og tölvubúnaður	10.756	4.514	7.258	3.092
Rekstur tölvu- og upplýsingakerfis	21.501	25.352	16.692	17.830
Önnur aðkeypt þjónusta	14.318	10.269	6.097	2.247
Endurskoðun og sérfræðiþjónusta	21.624	18.319	15.850	9.744
Annar kostnaður við námsbrautir	9.865	23.331	7.703	8.671
Kostnaður við samgöngur	280	369	280	369
Rekstrarkostnaður flugvéla	167.034	172.316	0	0
Ferðakostnaður og fundakostnaður	4.141	4.221	3.637	2.033
Gjafir og framlög	1.328	411	1.253	361
Tapaðar og niðurfærðar kröfur	25.807	(364)	0	71
Þjónustugjöld og bankakostnaður	1.537	1.852	923	1.016
Annar rekstrarkostnaður	6.523	1.882	6.307	1.517
Tap af sölu fastafjármuna	555	0	555	0
	<u>499.034</u>	<u>427.575</u>	<u>190.119</u>	<u>203.835</u>